

EFTIRLITSSKÝRSLA



Háskóli Íslands (Sigríður Rut) Askja og Læknagarður (ávaxtaflugur)

Dags eftirlits	19.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Háskóli Íslands (Sigríður Rut)	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Sturlugata 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-2039	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Sigríður Rut Franzdóttir	ÍSAT nr.	85.14.3
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Háskóla Íslands til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar ávaxtaflugur. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Háskóla Íslands fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar ávaxtaflugur flokki I í Öskju og Læknagarði. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2)
- Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3)
- Skoðunarferð

Farið var yfir umfang starfseminnar og hvort einhverjar breytingar væru í farvatninu. Fram kom að engar breytingar væru fyrirhugaðar.

Rætt var um varnir gegn mengun ytra umhverfis og innra eftirlit; meðhöndlun úrgangs, skráningar, förgun, þjálfun starfsfólks, öryggisblöð, skráningar, vinnudagbækur o.þ.h. Verkferlar eru í samræmi við ákvæði leyfisins.

Farið var í skoðunarferð um starfsaðstöðu í Öskju. Engin starfsemi var í Læknagarði. Aðstaðan var öll snyrtileg, verkferlar virkir og ekki tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 04.09.2025

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson